

64

21. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað*: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.

26. *Höfðahérað*: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

65

21. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. laga nr. 8 1944 komi tvö ný héruð, þannig:

a. *Egilsstaðahérað vestra*: Jökuldalshreppur, Hlíðahreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótaldalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

b. *Egilsstaðahérað eystra*: Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

2. gr.

Læknishéruðin starfrækja í félagi sjúkrahúsið á Egilsstöðum, og annast læknar beggja héraðanna læknisstörfin, enda hafa báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklunga sína.

Sá læknirinn, sem á hverjum tíma hefur verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skal vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um

3. gr.

Síðasti málsliður 7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Núverandi héraðslæknir Egilsstaðahéraðs skal eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknisbústaðnum.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „í fyrsta sinn 1922“ í 8. gr. laganna komi: í fyrsta sinn 1954, og skila honum til gjaldkera hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.